

**Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps**  
**að Húnavöllum sunnudaginn 18. apríl 2010 kl. 20:30.**

Ægir bauð fundarmenn velkomna. Mæting skv. undirskriftum. Á dagskrá er kennslustundakvóti, skóladagatal og önnur mál.

Þorkell kynnti tillögu að kennslustundakvóta, samtals 258 stundir, þar af 7 stundir í gæslu og 70 skiptistundir. Miðað er þá við að 1.-4. bekkur verði í samkennslu, 5. - 7. bekkur í samkennslu og 8.-9. bekkur í samkennslu. Um verulega breytingu er að ræða.

Fræðslunefnd samþykkir tillögu um kennslustundakvóta og leggur áherslu á að ekki verði lengra gengið í niðurskurði að þessu sinni.

Þorkell lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2010-2011. Áætlað er að skólastarf hefjist 26. ágúst og endi 26. maí. Skóladagar eru 180.

Fræðslunefnd fór yfir skóladagatal og samþykkir það fyrir sitt leyti.

**Önnur mál.**

Þorkell sagði frá því að fyrirhugað er að kennarar fari til Danmerkur í næstu viku ef af flugi verður í náms- og kynnisferð. Baðst hann afsökunar á því að hafa ekki borið það undir fræðslunefnd fyrr. Þá verður gefið frí miðvikudaginn 21. apríl vegna ferðarinnar. Þriðjudaginn 27. apríl verður seinni hluti námskeiðs kennara í Húnavatnssýslunum og þá fellur kennsla niður eftir hádegi.

Ýmis fleiri mál voru rædd.

Áformað er að halda áfram að skipta um glugga í skólahúsnæðinu að sögn Þorkels. Einnig er eftir að setja gúmmíhellur undir leiktækin á skólalóðinni og leggur fræðslunefnd áherslu á að því verði lokið sem fyrst.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og formaður sleit fundi.

*Þóra Sverrisdóttir (sign)*

*Ægir Sigurgeirsson (sign)*

*Kristín Rós Sigurðardóttir (sign)*

*Birgitta H. Halldórsdóttir (sign)*

*Pétur Pétursson (sign)*

*Magdalena M. Einarsdóttir (sign)*

*Þorkell Ingimarsson (sign)*

*Eline Schrijver (sign)*

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.